



## GRÆNA ORKAN

### Stjórnarfundur Grænu orkunnar 17.2.2021

Fundurinn fer fram á Teams, klukkan **8:45-10:15**.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar  
Tekið var tillit til athugasemda.
2. Málefnavinna starfsársins 2020-2021, verkaskipting og tímaáætlanir fyrir
  - Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta
  - Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun
  - Gerð eldsneytisvegvísisMikilvægt er að vinna að þessum málum með markvissum hætti. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum. GVS mun taka að sér að leiða vinnu varðandi fyrsta liðinn. ÁSL annan liðinn og BS og ÁP munu taka að sér þann þriðja. GVS mun einnig taka að sér að hafa samband við aðra hagaðila á sviði orkuskipta og greina almenna hlutverkaskiptingu.
3. Viðburðir 2020-21
  - Rafeldsneyti – Hvað er efst á baugi t.d. í Noregi 25. febrúar 2021
  - Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 JBS – **í biðstöðu**
  - Loftslagsbreytingar og aðgerðir hafna ÁP – Rætt um að fjalla um ANR verkefni sem Verkís vinnur að um stöðu orkuskipta í höfnum. ESG mun finna dagsetningu sem hentar í samvinnu við Verkís og Hafnasamband Íslands **15. – 19. mars**
  - Raforkuspá og eldsneytisspá (kynntar saman) Það er stutt í útgáfu eldsneytisgagna fyrir 2020 og því mun OS bíða með útgáfu spárinnar – **í biðstöðu**
  - Orkusjóður – staða uppbyggingar og úthlutun styrkja til rafhleðsluinnviða
  - Orkuskipti í flugi/Orkuskipti í flugvallarstarfsemi ÁP, BFG og GVS – **vor 2021**
  - Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum - **haust 2021**
4. Önnur mál
  - a) Heimasíða, samfélagsmiðlar  
Rætt um að nýta skuli samfélagsmiðla til að fjalla um fréttir líðandi stundar. Skýra þarf tilgang með heimasíðu, skerpa á upplýsingum um GO á vefsíðu auk þess t.d. að bjóða aðilum að skrifa örkyrningu til birtingar á henni. Pósta megi einnig

fundargerðum á vefsíðu. AMK og BS taki út hvað þarf að gera fyrir síðuna áður en leitað sé tilboða í uppfærslu.

- b) Lagfæring firmamerkis vegna nýs heitis á ensku, glærusniðmáts, rollup  
Ekki rætt sérstaklega á fundinum.
- c) Næstu skref  
Útbúa þarf fjárhagsáætlun samhliða því að ákveða hvað félagið á að taka sér fyrir hendur á árinu. BS og JBS hafa útbúið endurnýjaðan samning milli INE og GO og einungis á eftir að ganga frá honum.

Fyrir hönd Grænu orkunnar,  
Reykjavík, 5. mars 2021  
Anna Margrét Kornelíusdóttir